



Lúxemborg, 24. janúar 2003

Fréttatilkynning 03/03

Dómur í máli E-1/02 *Eftirlitsstofnun EFTA gegn Noregi*

Forgangur kvenna í stöður við háskóla

EFTA-dómstóllinn kvað í dag upp dóm í máli sem Eftirlitsstofnun EFTA höfðaði gegn Noregi. Í málinu var þess krafist að viðurkennt yrði með dómi, að löggjöf í Noregi, sem mælir fyrir um að tiltekin fjöldi stöðugilda við háskólann í Oslo skuli eingöngu vera fyrir konur, bryti gegn tilskipun Evrópubandalagsins um jafnrétti karla og kvenna.

Í dóminum er nánar talið að með löggjöf, sem mælir fyrir um að tiltekinn fjöldi stöðugilda við háskóla skuli eingöngu vera fyrir konur, brjóti Noregur gegn 7. og 70. gr. EES-samningsins og gagnvart 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 3. gr. gerðar þeirrar sem vísað er til í 18. lið í viðauka XVIII við samninginn. (Tilskipun 76/207/EBE frá 9. febrúar 1976 um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkunum, sem og varðandi starfskjör).

EFTA-dómstóllinn taldi að tilskipunin væri byggð á því rétturinn til jafnréttis væri meðal grundvallarréttinda einstaklinga. Lögmælt frávik frá þessari grundvallarreglu séu því aðeins heimil þegar lög eða lagaframkvæmd er nægilega sveigjanleg og feli í sér jafnvægi milli þess markmiðs að bæta stöðu þess kyns sem höllum fæti stendur í tiltekinni starfsgrein og möguleika umsækjanda af öðru kyni til að fá hæfni sína metna á hlutlægan hátt. Reglur og lagaframkvæmd verði að vera með þeim hætti að sá sem hæfastur er til að gegna stöðu eigi möguleika á að hljóta hana.

Dómstóllinn benti aftur á móti á mikilvægi þeirra viðmiðana sem notuð eru við mat á hæfni einstaklinga. Í dóminum er lögð áhersla á að reynslan sýni að við mat á hæfni séu það öðru fremur ákveðin atriði eða þættir sem séu til þess fallnir gera hluta kvenna lakari í samanburði við karla. Í þessu sambandi taldi dómstóllinn að með því að hafa þessa þætti í huga og með því að leggja áherslu á að sérstök reynsla kvenna geti verið mikilvæg við mat á hæfni til að gegna akademískum störfum á hinum ýmsu sviðum ætti að vera unnt að bæta stöðu kvenna.

Dóminn í heild er að finna á vefslóðinni: www.efta.int.

EFTA-dómstóllinn skipuðu í máli þessu dómarnir Carl Baudenbacher (forseti), Per Tresselt og Dóra Guðmundsdóttir (varadómari).

Her er um að ræða fréttatilkynningu. Aðeins dómurinn sjálfur gildir.